



# Fundargerð 286.fundar

## Stjórnar Hafnasamlags Norðurlands bs.

Miðvikudaginn 13. mars 2024 kl. 16.15 fór fram á skrifstofu HN við Fiskitanga.

Fundinn sátu: Inga Dís Sigurðardóttir formaður, Jóhann Gunnar Kristjánsson varaformaður, Axel Grettisson ritari, Ásrún Ýr Gestsdóttir, Andri Teitsson, Ólafur Rúnar Ólafsson, Sverre Jakobsson og Pröstur Friðfinnsson.

Að auki var Pétur Ólafsson hafnastjóri á fundinum.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Dagskrá fundarins:

### 1. Ársreikningur 2023.

Davíð Búi Halldórsson frá ENOR sat fundinn undir þessum lið og fór yfir helstu kennitölur reikningsins. Rekstrartekjur voru 1.395 millj. Rekstrargjöld 848,4 millj þar af afskriftir 97,1 millj., og nettó fjármagnsgjöld 4,4 millj. Hagnaður ársins að teknu tilliti til afskrifta, fjármunatekna og gjalda var 542,4 millj.

Ársreikningurinn var undirritaður og samþykkt að vísa honum til aðalfundar.

### 2. Styrkbeiðni frá Nökkva.

Tekið fyrir erindi frá 16. febrúar s.l. frá Tryggva Heimissyni formanni siglingaklúbbsins Nökkva þar sem farið er fram á styrk til að endurnýja hluta af öryggisbátum klúbbsins. Hafnastjórn getur ekki orðið við því að veita styrk í umbeðið verkefni.

### 3. Staða verklegra framkvæmda.

Hafnarstjóri fór yfir stöðu verklegra framkvæmda.

### 4. Vinnustofa í orkuskipta áætlanagerð.

Varaformaður stjórnar kynnti vinnustofu í orkuskiptaáætlanagerð og skoðunarferð á innleiddum orkuskiptalausnum sem hann sótti fyrir hönd Hafnasamlagsins á eyinni Samsø í Danmörku í tengslum við RECET verkefnið. RECET miðar að því að efla getu sveitarfélaganna og atvinnulífsins til að takast á við orkuskipti og smíða orkuskiptaáætlanir fyrir svæðin. Stuðst verður við reynslu og aðferðir Energiakademiet frá eyjunni Samsø í Danmörku við mótun og þróun aðgerða til orkuskipta á hverju landsvæði fyrir sig.

### 5. Önnur mál.

Engin önnur mál.

**Fundargerðin yfirfarin og staðfest.**



Fundi var slitið kl. 17.30

Inga Dís Sigurðardóttir formaður

---

Jóhann Gunnar Kristjánsson varaformaður

---

Axel Grettisson ritari

---

Ásrún Ýr Gestsdóttir

---

Andri Teitsson

---

Ólafur Rúnar Ólafsson

---

Sverre Jakobsson

---

Þröstur Friðfinnsson

---

Pétur Ólafsson hafnarstjóri

---